



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á alþjóðlegu þýðendaþingi  
Reykjavík  
11. september 2017**

Ágætu þýðendur,  
aðrir góðir gestir.

Fyrir tæpri öld skrifaði Þórbergur Þórðarson um þann vanda mannkyns að ótal tungumál eru til og fólk skildi þess vegna ekki hvert annað nema það legði á sig strembið nám og svo væri undir hælinn lagt hvort það hefði erindi sem erfiði. Listin væri án landamæra en múrar risu utan um orð í rituðu máli og mæltu. Þórbergur sagði: „Málarar, myndhöggvarar og tónsnillingar geta skilið hver annars verk, hvar sem þeir eru staddir á heimskringlunni. ... En þeim, sem hefir hlotnast það virðulega hlutskipti að flytja mönnunum heimspeki, skáldskap og vísindi – þeir eiga ekkert sameiginlegt hjálpartæki til þess að tjá með hugmyndir sínar. Þeir eru aumastir allra.“

Hvað var til ráða? Alþjóðamálið esperanto var svar Þórbergs Þórðarsonar og hans framtíðarsýn var á þessa leið:

Allir rithöfundar og skáld opinbera mannkyninu hugsanir sínar á því.  
Það verður meginritmál allra vísindamanna.  
Það verður daglegt mál í öllum millipjóðastjórnámálum.  
Það verður notað í allri verslun þjóða á milli.  
Það verður millilandamál pósts og síma.  
Það verður höfuðmál útvarpsins.  
Á því verður gefinn út fjöldi alþjóðlegra dagblaða og tímarita.  
Öll alþjóðalög verða samin á því.  
Á því verða gerðir allir milliríkjasamningar.  
Það verður eina tungumálið sem talfilman hefir í þjónustu sinni.

Á alþjóðamálinu verða samdar allar kennslubækur í alþjóðlegum og þjóðlausum fræðigreinum ... og nemendur í íslenskum skólum lesa

sömu námsbækurnar í þessum fræðum og kenndar verða vestur í Bandaríkjunum, austur í Japan, suður á Nýja Sjálandi og norður á Svalbarða.

Svo mælti meistari Þórbergur. Vonir hans um alþjóðamálið, sem myndi sameina okkur öll, rættust ekki. Nú á dögum tala um tvær milljónir manna esperanto og þá eru þeir taldir með sem kunna bara eitthvert hrafl í því.

Á hinn bóginn dylst auðvitað engum að enska uppfyllir mörg þeirra skilyrða sem fram koma á lista Þórbergs. Hér heima geta flestir Íslendingar bjargað sér á ensku, margir kunna hana mjög vel og mörg fyrirtæki ganga að því sem vísu að við viljum frekar fá skilaboð frá þeim á ensku, um „grand opening“ og „see you at Smáralind“, verslunarmiðstöðinni sem verður þá kannski bráðum kölluð „Cloverspring“, í þeim anda að enska sé málið eina.

Að okkur steðjar líka sá vandi að íslenskar bækur og bókmenntir seljast í minna mæli en áður. Smám saman gæti það valdið því að færri leggi fyrir sig að skrifa og skálda og þá verður kannski minna að þýða. Þá minnka einnig líkur á að fólk úti í heimi taki yfirleitt eftir þessari þjóð sem býr í þessu landi og talar þessa tungu.

Við skulum ekki biðja um að allt verði eingöngu mælt, skrifað og auglýst á íslensku hér á landi. Við þurfum að þjóna ferðamönnum, við þurfum að taka tillit til þeirra sem flytjast hingað til lands og læra ekki málið á svipstundu, eða þá að þeir ætla ekki að vera hér til frambúðar og láí þeim þá enginn að þeir komi sér hjá ströngu tungumálanámi.

Samt sem áður verðum við að nota og efla íslenska tungu. Við þurfum áfram að flytja mönnunum heimspeki, skáldskap og vísindi svo að vitnað sé áfram til orða Þórbergs. Vissulega hentar stundum best að gera það beint á tungumáli sem milljónir tala. En oftar en ekki er frásögnin sönnust þegar hún er sögð á því máli sem fólki er tamast, því máli sem fólk lærði í barnæsku og er hér allt um kring, fagurt í okkar augum og eyrum.

Og síðan njótum við vonandi áfram öflugs liðsinnis þýðendanna, þessara hollvina íslenskunnar. Þeir miðla hugsunum og skrifum yfir á öll hin tungumálin sem glæða heiminn lífi og menningarlegri fjölbreytni. Ekki er það áhlaupaverk. Hvernig þýðir maður til dæmis orðið „jæja“ svo vel sé, máltækið „þetta reddast“ eða setninguna „það geta ekki allir verið gordjöss?“

Með þessu þingi sem nú er haldið getum við þakkað þýðendum fyrir þeirra mikilvæga starf í þágu íslenskrar tungu, menningar og mannlífs, og

hvatt fleiri til dáða. Hermt er að aldrei hafi fleiri unnið að þýðingum úr íslensku, aldrei komið út fleiri þýðingar á íslenskum verkum. Já, sem betur fer er áhugi á bókmenntum okkar vaxandi um víða veröld, ennþá til fjöldi fólks vill vita hvað er skrifað og hugsað á þessu lífseiga og lifandi tungumáli. Þýðendur eru múrbrjótar, þeir koma í veg fyrir að orð festist innan lokaðra landamæra, þeir ljá þeim vængi og frelsi. Væri heimurinn betri ef þetta yrði aðeins hægt að segja á einn hátt, á einu máli? No way, Jose! Ó nei, Jóney!